

## Fundargerð 435

Mánudaginn 14. desember 2015 kl. 12:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður rekstrarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnfram ritaði fundargerð.

Á milli klukkan 12 og 13 fyrir formlegan stjórnarfund, fundaði stjórn með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra, Hólfríði Sveinsdóttur sérfræðingi á þróunarsviði, Hrafnkeli Á. Proppé svæðisskipulagsstjóra hjá SSH, Hrólfi Jónssyni skrifstofustjóra skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, Hönnu Dóru Másdóttur sérfræðingi í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Páli Guðjónssyni framkvæmdastjóra SSH þar sem ræddar voru áherslur í nýrri byggðaáætlun sem og vinnulag við vinnslu hennar, sóknaráætlanir o.fl.

Formaðu setti síðan stjórnarfund kl. 13:10 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
3. Rekstrar og starfsáætlun 2016
4. Fundargerðir lánanefndar
5. Innheimtureglur
6. Öryggisstefna Byggðastofnunar
7. Verklagsreglur um útlánastarfsemina
8. Aflamark Byggðastofnunar
  - a. Grímsey
  - b. Bakkafjörður
9. Byggðaáætlun 2017-2023
10. Þjónustukönnun meðal viðskiptavina Byggðastofnunar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 434 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

AÐ fór yfir stöðu rekstrar 30. nóvember. EGK og SBS fóru yfir stöðu verkefna. SBS sagði frá þjónustukönnun á Norðurlandi vestra, vinnu við gerð korta sem sýna aðgengi að heilbrigðisstofnunum, nýrri útgáfu af Hagvexti landshluta sem nær til áraanna 2009-2013 og vinnu við gagngrunn með byggðatengdum upplýsingum. Umræður urðu um aðkomu nýrra sveitarfélaga að verkefninu Brothættar byggðir og stöðu Vopnafjarðar.

### 3. Rekstrar og starfsáætlun 2016

AÐ fór yfir starfs- og rekstraráætlun 2016. Hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem komu fram á fundi stjórnar í október en rekstraráætlun er óbreytt. EGK fór yfir verkefni sem fyrirtækjasviðið verður með á sínum snærum.

EGK fór yfir markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaðinum en eftirlitið hefur gefið út frummatsskýrslu. Hún lýsti mögulegum áhrifum þess ef flutningsjöfnunarsjóður olíuvara yrði lagður niður, gæti skapast hættu á að olíufélögin loki afgreiðslustöðvum á fámennum og strjálbýlum svæðum sem veldur öryggisleysi fyrir íbúa sem og ferðamenn ef björgunarsveitir og sjúkraflutningar hafa ekki tryggt aðgang að eldsneyti. Jafnframt má gera ráð fyrir að verð muni hækka í strjálbýli.

Formaður bar rekstrar- og starfsáætlun fyrir árið 2016 upp og var hún samþykkt samhljóða.

#### 4. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 35/15, 18. nóvember 2015*

AÐ fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 36/15, 2. desember 2015*

AÐ og HÁ fóru yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 37/15, 9. desember 2015*

AÐ, EGK og HÁ fóru yfir fundargerðina.

.

...

....

...

...

....

Fundargerðin staðfest.

## 5. Innheimtureglur

HÁ fór yfir drög að innheimtureglum vegna lánaumsýslu. Með þeim er verklag við innheimtu samræmt viðríkjandi framkvæmd og innheimtulög nr. 95/2008.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Öryggisstefna Byggðastofnunar

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2014 skal eftirlitskyldur aðili setja sér stefnu þar sem ákveðin eru markmið og öryggiskröfur til reksturs upplýsingakerfa. Jafnframt, að fyrirliggjandi séu skriflegar lýsingar á öllum verkferlum mikilvægum fyrir rekstur og öryggi upplýsingakerfa. Byggðastofnun hefur sett sér aðgangsstefnu, fjarvinnustefnu, öryggisstefnu og öryggisafritunarstefnu sem ber að endurskoða og leggja fyrir stjórn árlega til samþykktar. Engar breytingar hafa verið gerðar á stefnunum frá fyrra ári og er lagt til að þær verði samþykktar óbreyttar.

Samþykkt samhljóða.

## 7. Verklagsreglur um útlánastarfsemina

AP og HÁ fóru yfir verklagsreglur um útlánastarfsemi. Með lögum nr. 13/2013 um breytingu á lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun var sú breyting gerð að ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim urðu endanlegar á stjórnarsýslustigi. Samhliða var mælt fyrir um að reglur stjórnar Byggðastofnunar um lán- og ábyrgðarveitingar skyldu hljóta staðfestingu ráðherra áður en þær öðluðust gildi.

Til að auka gegnsæi og skilvirkni er lagt til að verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu, sem staðfestar skulu af ráðherra, verði framvegis sjálfstætt regluverk og verði birt sem slíkt á heimasíðu stofnunarinnar.

Samþykkt samhljóða.

## 8. Aflamark Byggðastofnunar

### a. Grímsey

Á ríkisstjórnarfundum þann 17. nóvember sl. samþykkti ríkisstjórn tillögu vinnuhóps þriggja ráðuneyta um 400 tonna byggðafestukvóta til Grímseyjar til styrktar veiðum og vinnslu. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Byggðastofnun var falið að móta reglur um úthlutun kvótans og hvernig hann geti nýst sem best til styrktar byggðafestu í Grímsey með hliðsjón af aðstæðum þar. Jafnframt var gert ráð fyrir að útgerðir í eyinni og Íslandsbanki myndu gera samkomulag um skuldauppgjör.

Auglýst var eftir samstarfsaðilum um nýtingu á 400 tonna þorskígilda aflamarki vegna Grímseyjar á heimasíðu Byggðastofnunar þann 27. nóvember og daginn eftir í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Tvær umsóknir bárust. Annars vegar frá Hafborg ehf. og hins vegar frá fjórum útgerðaraðilum í Grímsey, Borgarhöfða ehf. Sigurbirni ehf. Sæbjörgu ehf. og Stekkjarvík ehf.

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Borgarhöfða ehf., Sigurbjörn ehf., Sæbjörgu ehf. og Stekkjarvík ehf. á grundvelli umsóknar þeirra. Jafnframt er lagt til að umsókn Hafborgar ehf. verði hafnað.

Samþykkt samhljóða.

*b. Bakkafjörður*

Á símafundi stjórnar Byggðastofnunar þann 13. nóvember sl. var samþykkt að vísa öllum umsóknum vegna aflamarks Byggðastofnunar á Bakkafirði frá þar sem þær uppfylltu ekki þær kröfur sem gerðar voru og auglýsa að nýju. Auglýst var á heimasíðu Byggðastofnunar þann 18. nóvember og í dagblöðunum þann 19. nóvember. Umsóknarfrestur rann út þann 7. desember sl. Auglýst voru 150 þorskígildistonn vegna yfirstandandi fiskveiðiárs og 125 þorskígildistonn vegna tveggja næstu fiskveiðiára.

Tvær umsóknir bárust. Annars vegar frá Halldóri fiskvinnslu ehf. sem sækir um 60 þorskígildistonn þ.e. 35 tonn til viðbótar þeim 25 tonnum sem fyrirtækið er nú þegar með samning um. Hins vegar er sameiginleg umsókn frá Toppfiski ehf., Marínó Jónssyni ehf., Hróðgeir hvíta ehf., Lómagnúpi ehf., Fljótum flutningum ehf. og Þolli ehf. sem sækja um allt sem auglýst var.

Lagt er til að afgreiðslu á umsóknum um aflamark vegna Bakkafjarðar verði frestað þar sem sveitarstjóri Langanesbyggðar hefur óskað eftir að sveitarfélagið fái aðkomu að málinu og óskað eftir að Byggðastofnun fresti afgreiðslu umsóknanna á meðan sveitarfélagið í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Byggðastofnun freisti þess að ná sameiginlegri niðurstöðu meðal umsækjenda um aflamark Byggðastofnunar á Bakkafirði.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Byggðaáætlun 2017-2023

AP og SBS fóru yfir drög að umræðupunktum vegna Byggðaáætlunar 2017-2023. Meðal hugmynda væri að funda með þingmönnum og gefa þeim tækifæri á að koma sínum áherslum að í upphafi vinnunnar. KB lagði til að umræðupunktarnir yrðu unnir nánar þannig að þeir gætu orðið að eins konar aðgerðaráætlun. Lagði hann til að fleiri kæmu að þeim markmiðum sem ætti að setja, rýna þyrfti vel fyrri stefnur og sóknaráætlanir. OMG ræddi að sveitarfélögin þyrftu að koma að áætluninni ekki bara landshlutasamtökin.

## 10. Þjónustukönnun meðal viðskiptavina Byggðastofnunar

AP fór yfir þjónustukönnun sem gerð var á meðal viðskiptavina Byggðastofnunar. Var svipuð könnun gerð árið 2012. Svarhlutfallið var 53,9%. Flestar spurningar koma vel út frá síðustu könnun.

## 11. Önnur mál

*Húsnæðismál*

Formaður sagði frá stöðu húsnæðismála. Komin er heimild fyrir byggingu 700 fm. skrifstofuhúsnæðis en unnið hefur verið að því að fá samþykki fyrir 1.000 fm. húsnæði. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur samþykkt það fyrir sitt leyti auk Framkvæmdasýslu ríkisins. Gert er ráð fyrir fundi í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir í vikunni þar sem málið yrði á dagskrá.

## 12. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 22. janúar 2016 á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:34  
Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____